


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>  <b>Undirbúningsáfangi í ensku 2</b> <b>(ENSK1HA03S)</b> <b>Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Urður María Sigurðardóttir	<b>Sk.st.</b>	UMS
----------------	----------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Áfanginn miðar að því að nemendur öðlist færni í undirstöðuatriðum enskrar málfræði, séu færir um að tjá sig um einfalda hluti bæði munnlega og skriflega, skilji daglegt mál og séu undir það búnir að fara á almennan áfanga á 1. þrepi í ensku (ENSK1LO05) og hafa ekki náð þeirri færni að fullu í ENSK1UB05. Til þess þurfa nemendur meðal annars að öðlast nokkuð breiðan, hagnýtan og virkan orðaforða. Áhersla verður lögð á að nemendur læri að nýta sér öll þau hjálpartæki sem í boði eru og þeim gerð grein fyrir því hvernig þeir geti sjálfir bætt við þekkingu sína. Unnið er að því að efla sjálfstæði nemenda og þeir hvattir til að finna eigin leiðir til að ná árangri í náminu, því er áhersla lögð á að nemendur vinni sjálfstætt að hinum ýmsu verkefnum og kynningum. Nemendur kynna sér hina margvíslegu menningarheima enskumælandi landa um heim allan með því að skoða mismunandi bókmenntaverk, en einnig með því að skoða fréttæfni líðandi stundar.

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu undirstöðuatriðum í enskri málfræði
- þverfaglegum orðaforða til hagnýtra nota
- almennum rauntextum og einföldum bókmenntaverkum
- helstu menningarsvæðum þar sem enska er fyrsta mál

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- byggja upp og bæta orðaforða sinn með ýmsum aðferðum sem hentar hverjum og einum
- beita grunnreglum enskrar málfræði í tali og ritun
- lesa fjölbreyttar gerðir texta
- að tjá sig um almenn málefni með viðeigandi orðalagi, munnlega og skriflega
- hlusta eftir upplýsingum, bæði í samtali sem og útvarps- eða sjónvarpsefni
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta orðaforða sinn á skýran og skilmerkilegan hátt í tal- og ritmáli
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í tal- og ritmáli
- taka þátt í umræðum
- sýna frumkvæði, sjálfstæði í upplýsingaöflun, úrvinnslu upplýsinga og uppsetningu verkefna sem tengjast áhugasviði



Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Undirbúningsáfangi í ensku 2 (ENSK1HA03S) Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		


### Námsgögn:

Nemendum verður úthlutað verkefnum eftir getu hvers og eins og nemendur þurfa að kaupa hefti á skrifstofu skólans. Verkefni verða unnin í tölvum og á blöðum.

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
Vika 34	Upphaf. Hlustun og samtalsæfingar, textaverkefni.
Vika 35-39	Oliver Twist lesbók, verkefni og bíómynd (20%) Þáttaverkefni - vikulegt áhorf og verkefni
Vika 40-41	Hlustun og samtalsæfingar, textaverkefni. Þáttaverkefni - vikulegt áhorf og verkefni
Vika 42-45	Enskar málfræðiæfingar - vinna í heftum (15%) Hlustun og samtalsæfingar Þáttaverkefni - vikulegt áhorf og verkefni  <i>Vetrarfrí 17.-18. okt</i>
Vika 46	Textaverkefni, upprifjun úr heftum og tímakönnun (10%) Þáttaverkefni - vikulegt áhorf og verkefni
Vika 47-48	Bíómyndaverkefni (5%) Hlustun og samtalsæfingar
Vika 49	Upprifjun / vinna upp verkefni / samtalsæfingar



Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	<b>Undirbúningsáfangi í ensku 2 (ENSK1HA03S) Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>	

**Námsmat og vægi námsþátta:**

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Hlustun	Fjórar hlustunaræfingar verða lagðar fyrir og þrjár bestu gilda til einkunnar.		10%
Samtalsæfingar	Þátttaka í samtalsæfingum, unnið jafnt og þétt yfir önnina.		20%
Bók	Oliver Twist eftir Charles Dickens: Bók lesin og verkefni unnin úr henni		20%
Bíómynd	Horft verður á bíómynd og verkefni unnin upp úr henni.		5%
Þáttaverkefni	Hlustun / skilningur - Horfum á þætti og vinnum verkefni úr þeim.		10%
Hefti	Vinna í hefti - Enska málfræðiæfingar. Verkefni á Classroom.		10%
Textaverkefni	Lestur og vinna með ýmisskonar texta s.s. tímaritsgreinar, fréttir, textar á netinu, smásögur, lagatextar o.fl.		15%
Tímakönnun	Tímakönnun úr hefti		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
<b>Annað:</b>			

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

Dagsetning: 24.04.19

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

